



Prestur: sr. Ursula Árnadóttir

Organisti: Hilmar Örn Agnarsson

Einsöngur: Ásta Marý Stefánsdóttir

Söngur: Kammerkór Akranes Kirkju

Útfararþjónusta Akranes Kirkju

Fjölskyldan þakkar auðsýnda samúð og vinarhug og býður viðstöddum að þiggja veitingar í Vinaminni að athöfn lokinni



Sigurður Hafsteinn Hallgrímsson

*Fæddur 13. júlí 1937
Dáinn 13. september 2021*



*Útför frá Akranes Kirkju
mánudaginn 20. september 2021*

Tónlist fyrir athöfn

FORSPIL

Air
J.S. Bach

BÆN

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphæðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Matthias Jochumsson

RITNINGARORÐ

Dagur er risinn rjóður í austri,
raular mér kvæði þröstur á grein.
Blessuðu tónar, blessaði dagur,
blessaða veröld tindrandi hrein.

Sólin er risin hátt upp á himin,
hlæjandi dagur þerrar mín tár.
Blessað sé ljósið, lífgjafinn mildi,
lofaður veri himinninn blár.

Ég elska lífið, ljósið og daginn,
lofgjörð um heiminn fagnandi syng.
Blessað sé lífið, blessað sé ljósið,
blessaðir morgnar árið um kring.

Erlent lag – Heimir Pálsson

RITNINGARORÐ

Undir háu hamra belti
höfði drúpir lítil rós.
Þráir lífsins vængja víddir
vorsins yl og sólarljós.

Ég held ég skynji hug þinn allan
hjartasláttinn rósin mín.
Er kristallstærir daggardropar
drjúpa milt á blöðin þín.

Æsku minnar leiðir lágu
lengi vel um þennan stað,
krjúpa niður kyssa blómið
hversu dýrðlegt fannst mér það.

Finna hjá þér ást og unað
yndislega rósin mín.
Eitt er það sem aldrei gleymist,
aldrei það er minning þín.

Friðrik Jónsson – Guðmundur Halldórsson

GUÐSPJALL

Í bljúgri bæn og þökk til þín
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt sem miður fer
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ drottinn minn.

Erlent lag – Sr. Pétur Þórarinnsson

MINNINGARORÐ

Út um græna grundu
gakkstu, hjörðin mín.
Yndi vorsins undu.
Eg skal gæta þín.

Sól og vor ég syng um,
snerti gleðistreng.
Leikið, lömb, í kringum
lítinn smaladreng.

Steingrímur Thorsteinsson

BÆN / FAÐIR VOR

Ég leit eina lilju í holti,
hún lifði hjá steinum á mel.
Svo blíð og svo björt og svo auðmjúk
en blettinn sinn prýddi hún vel.
Ég veit það er úti um engi
mörg önnur sem glitrar og skín.
Ég þræti ekki um líti né ljóma,
en liljan í holti er mín.
Þessi lilja er mín lifandi trú,
þessi lilja er mín lifandi trú.
Hún er ljós mitt og von mín og yndi,
þessi lilja er mín lifandi trú.

Og þó að í vindinum visni
á völlum og engjum hvert blóm
og haustvindur blási um heiðar
með hörðum og deyðandi róm,
og veturinn komi með kulda
og klaka og hriðar og snjó,
hún lifir í hug mér sú lilja
og líf hennar veitir mér fró.
Þessi lilja er mín lifandi trú,
þessi lilja er mín lifandi trú.
Hún er ljós mitt og von mín og yndi,
þessi lilja er mín lifandi trú.

Þorsteinn Gíslason – Skarpheður Gunnlaugsdóttir

MOLDUN

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með firjóngun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

BLESSUN

EFTIRSPIL

Söknuður
Vilhjálmur Vilhjálmsson